

Sæstrengirnir Basslink og Icelink

Raforkusæstrengurinn Basslink liggur neðansjávar milli eyjunnar Tasmaníu og meginlands Ástralíu. Fyrirætlun Landsvirkjunar er að leggja sams konar sæstreng milli Íslands og Bretlands.

Í orkukerfum Íslands og Tasmaníu er vatnsafl ráðandi.

Einkennistöður Basslink og Icelink

- Basslink: Lengd 370 km, þar af 295 km í sjó. Mesta dýpi 139 m. Flutningsgeta 500 MW. Raunkostnaður 0,6 milljarðar USD (Bandaríkjadóllarar). Sæstrengurinn var tekinn í notkun 2006.
- Icelink: Lengd 1100 km. Mesta dýpi 1100 m. Flutningsgeta 1000 MW. Kapallinn er enn á hugmyndastigi. Hönnun á Icelink er ekki hafin svo vitað sé og þar af leiðandi liggur kostnaðaráætlun ekki fyrir. Einhverjar kostnaðartölur hafa sést en þær eru ófullkomnar og byggja á vafasömum samanburði við aðra sæstrengi. Í Kviku-skýrslunni frá júlí 2016 var stofnkostnaður áætlaður 3,0 milljarðar USD, endabúnaður innifalinn.

Aðilar að Basslink sæstrengnum

- Keppel Infrastructure Trust, fjárfestingasjóður skráður í Kauphöll Singapore, er 100% eigandi Basslink Pty Ltd.
- Basslink Pty Ltd (BL) er 100% eigandi Basslink.
- Hydro Tasmania (HT), sem er sambærileg við Landsvirkjun á Íslandi, hefur leigt Basslink af BL fyrir 54 milljónir USD á ári. Samningurinn er í gildi til ársins 2046.

Bilun í Basslink

Basslink bilaði 20 des 2015, á 80 metra dýpi. Rifan á varnarkápu kapalsins var á stærð við þumlung.

Bilunin kom á sama tíma og vatnsmiðlanir ofan vatnsaflsvirkjana í Tasmaníu voru í lágstöðu, lítil úrkoma og rennsli vatnsfalla í lágmarki. Varð af mikil orkukrís. Hætt var við að taka niður stóra gastúrbínu og fjöldi dísilstöðva í gámum voru í skyndi fluttir til Tasmaníu.

Í Morgunblaðsgrein minni sem birtist 9 júní 2016 var fjallað um bilunina í Basslink, sérstaklega með tilliti til hugmynda Landsvirkjunar um að leggja Icelink.

Skömmu síðar tókst að gera gera við Basslink með aðstoð kapalskips og með miklum tilkostnaði.

Raforkuflutningar hófust aftur 13 júní 2016.

Þá varð önnur bilun í endabúnaði sem var lagfærður og hófust raforkuflutningur að nýju 23 júní 2016. Þeir standa enn.

Raforkuflutningur um Basslink stöðvaðist sem sagt í 6 mánuði.

Kostnaður vegna bilunar og ágreiningur

BT fékk óháðan aðila, breska fyrirtækið CCI Cable Consulting International Ltd, til að gera athugun á málinu og lá skýrsla fyrir í byrjun des 2016 eftir sex mánaða rannsóknarvinnu. Niðurstaðan var að bilunin væri óútskýranleg og mætti flokka sem óviðráðanlegt atvik "force majeure" eða athöfn frá Guði "act of God". Með því væri skaðinn tryggingarhæfur. Tryggingafyrirtæki BL hefur samþykkt niðurstöðuna og greitt fyrir skaðann. Hvort niðurstaða CCI er pöntuð af verkkaupanum BL skal ósagt látið, en CCI var með aukabónus. Basslink kapallinn er í fínasta lagi beggja vegna bilunarstaðarins og alla leið til lands.

Kostnaður HT vegna stöðvunarinnar er talinn vera um 135 milljón Bandaríkjadollara.

HT vill að BL taki þátt í þeim kostnaði.

BL hefur talið að framlag sitt vegna viðgerða á Basslink, úttektar á ástæðu óhappsins og tekjutaps meðan bilunin stóð yfir, sé nægjanlegt framlag.

Ef BL greiðir ekki þá þarf HT að varpa kostnaðnum yfir á viðskiptavini sína, almenning í Tasmaníu.

Þetta finnst stjórnvöldum í Tasmaníu vafasamt og hafa ekki samþykkt kröfur BL.

HT stöðvaði greiðslur til BL um tíma, en hóf þær aftur fyrir nokkrum vikum til að greiða fyrir samræðum milli aðila þannig að hægt væri að komast að niðurstöðu og til að hleypa ekki illu blóði í málareksturinn.

BL óskaði eftir því að HT byrjaði aftur að greiða reglulega fyrir not af kaplinum. Með stuðningi stjórnvalda í Tasmaníu hafnaði HT þeirri málaleitan.

Annar sæstrengur samhliða Basslink

Í ljósi þessara atburða hófust háværar umræður um að hvort ætti að leggja annan sæstreng milli Tasmaníu og Ástralíu.

Hinn nýi sæstrengur væri þá bæði til vara og til að flytja raforku frá nýjum vind- og sólarrafstöðvum á Tasmaníu upp til meginlands Ástralíu.

Þetta finnst manni smá galið því hvernig ætti vind- og sólarrafstöðvar með sæstreng að geta keppt við sams konar stöðvar uppi á meginlandinu?

Málið í Tasmaníu er í hnút.

Niðurstaða

Atburðirnir í Tasmaníu leiða hugann að áhættu, sem er grundvallaratriði í rekstri vatnsorkukerfa enda getur margt farið afлага. Það er eðli vatnsorkukerfa að oftast gerist ekki neitt, en ef eitthvað kemur upp á þá er stutt í „katastrófuna“.

En hvað geta Íslendingar lært af óförum þeirra Tasmaníumanna?

Málin gætu þróast þannig að sérstakur eignaraðili verði að Icelink á sama hátt og BL er eigandi Basslink.

Í umræðum um Icelink hefur Landsvirkjun lagt áherslu á að Íslendingar mundu einnig hafa not af sæstrengnum til að flytja raforku frá Bretlandi til Íslands. Þetta er rangt og mun líklega aldrei reyna á það.

Ef Icelink bilaði síðan úti á miðju Atlantshafi, þá gæti viðgerð vissulega tekið töluverðan tíma. Í uppgjöri á tengdum ágreiningsmálum gæti verið vafasamt þurfa að sitja uppi með hugsanlegan ávinning okkar af því að hafa getað flutt orku til Íslands, kostur sem aldrei mundi reyna á.

Þessi gerviávinningur gæti orðið okkur til trafala og jafnvel til tjóns í uppgjöri.
